

Fundur foreldrafélags Rjúpnahæðar

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Fundargerð

**Mætt voru:**

Anna Lís Finnbogadóttir, Þorri Már Sigurþórsson, Stefanía Helga Bjarnadóttir, Hildur Jónasdóttir, Arna G. Tryggvadóttir, Hildur Guðbrandsdóttir, Hrönn Hafliðadóttir og Íris Hrönn Andrésdóttir.

**Fulltrúi leikskólans:** Vigdís Guðmundsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Fulltrúar einnig í stjórn en komumst ekki: Fjóla Katrín Steinsdóttir, Sigurður Rúnar Birgisson, Karen Axelsdóttir, Guðmundur Stefán Erlingsson og Unnur Hjaltadóttir.

Fundurinn byrjaði á því að allir kynntu sig og nýir meðlimir boðnir velkomnir. Vigdís fór yfir helstu viðburði sem foreldrafélagið tekur þátt í og hvernig félagið starfar.

**Rædd voru eftirfarandi mál:**

1. Jólin- foreldrafélagið tekur þátt í að bjóða börnunum upp á jólaleikrit, jólasveina, kaupir mandarínur og fiska, gróður eða dót í fiskabúrið. Tekist mjög vel undanfarin ár.
  - a. Umræða um jólaleikrit, hvað sé skemmtilegt í gangi núna. Ákveðið að kanna málin og reyna festa leikrit sem fyrst.
2. Sveitaferð- síðasta ári var farið á Bjartheyjarsand. Umræða um hvernig til tókst, skiptar skoðanir en almenn ánægja. Tekin verður ákvörðun í janúar 2019 hvert verði farið að vori 2019 – athugað hvort það séu fleiri valmöguleikar í boði heldur en Bjartheyjarsandur eða Hraðastaðir.
3. Útskriftarferð- foreldrafélagið hefur ásamt leikskólanum boðið elstu börnunum í dagsferð á Úlfhljótsvatn. Tekist einstaklega vel og vilji til að halda því áfram.
4. Sumarhátíð, foreldrafélagið heldur sameiginlega sumarhátíð með leikskólanum. Þá býður foreldrafélagið upp á skemmtiatriði, Íþróttarálfurinn kom í sumar 2018. Einnig býður það upp á pylsur, drykk og ís. Gekk mjög vel í sumar en hefði mátt vera hlýrra.
  - a. Umræða einnig um grill, hvort hægt sé að fá þau að láni hjá bænum ásamt því hvort foreldrafélagið ætti hugsanlega að gefa leikskólanum grill þar sem grillið sem foreldrafélagið gaf leikskólanum er löngu ónýtt.
5. Fjárhagur foreldrafélagsins er mjög góður, félagið leggur upp með að klára alltaf peninginn sem foreldrar greiða í sjóðinn og nota árlega fyrir þau börn sem eru í leikskólanum hverju sinni. Umræða um hvað skuli kaupa til að efla starfið í leikskólanum og börnin njóti góðs af. Verið er að skoða t.d. hjól, segulkubba, bækur, Leikur og læra námsefni, hluti fyrir vísindakrókinn o.fl. Vigdís ætlar að gera óskalista ásamt kennurunum í leikskólanum.
6. Umræða um menningarvikur, foreldrar hvattir til að hafa samband ef þeir þekkja rithöfunda, leikara, tónlistarfólk til að koma fram í menningarvikunum. Ábending um að hafa samband við rithöfunda bókanna um Freyju og Fróða og Birgittu Haukdal, þar sem hún er að gefa líka

út nýjar bækur. Vigdís segir frá því að Hrönn er nú þegar í sambandi við Svavar Knúts, Regínu Ósk o.fl.

7. Ábending frá stjórn að skoða plastpokanotkun í leikskólanum og hvernig sé hægt að minnka hana. Hugmynd að nota fjölnotapoka sem hvert og eitt barn á – jafnvel sem foreldrafélagið gæti keypt. Börnin gætu skreytt og merkt sér.
8. Farið yfir hlutverk foreldra í stjórninni, hvernig við útdeilum verkefnum og formaður hefur yfirumsjón. Teymisvinna þar sem allir hjálpast að og skiptast á að sjá um það sem þarf að gera. Stjórn foreldrafélagsins er með hóp á facebook þar sem hún skiptir með sér verkefnum.
9. Ný stjórn kjörin, Anna Lísu hættir sem formaður v/flutninga. Arna, gjaldkeri, og Fjóla, ritari, til í að vera áfram í sínum hlutverkum. Nýr formaður kjörinn, Hildur Jónasdóttir tekur að sér formennsku næsta ár. Aðrir í stjórn eru meðstjórnendur.
10. Þökkum fráfarandi stjórnarmeðlimum kærlega fyrir þeirra störf í þágu leikskólans og barnanna okkar 😊 Þjóðum nýja meðlimi í stjórn velkomna 😊